

42. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Reykjavík.

43. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum um Happraetti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsl. e-liðar orðast svo: Einkaleyfi til að reka happraettið má veita til 1. janúar 2004.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar skyndihappraettis með peningavinningum, svo og peningahappraettis sem ekki yrði rekið sem flokkahappraetti. Ágóða af rekstri þessum skal varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.